

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/293

2016/EES/52/21

frá 1. mars 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 14. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er skuldbindingum Sambandsins samkvæmt Stokkhólmsamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmsamningurinn“), sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB⁽²⁾, og samkvæmt bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni (hér á eftir nefnd „bókunin“), sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB⁽³⁾, komið í framkvæmd.
- 2) Í viðauka A við Stokkhólmsamninginn (eyðing) er að finna iðefni sem banna ætti framleiðslu, notkun, innflutning og útflutning á og gripa ætti til ráðstafana á sviði laga og stjórnsýslu til að útrýma slíkum iðefnum.
- 3) Ráðstefna aðila að Stokkhólmsamningnum ákvað, skv. 9. mgr. 8. gr. Stokkhólmsamningsins, á sjötta fundi sínum að breyta viðauka A við Stokkhólmsamninginn til að fella hexabrómsýklódódekan (HBCDD) inn í viðaukann. Þessi breyting felur í sér sérstaka undanþágu fyrir framleiðslu og notkun á hexabrómsýklódódekan í þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren í byggingar.
- 4) Í samræmi við 3. mgr. 22. gr. Stokkhólmsamningsins taka breytingar við viðauka A, B og C við samninginn gildi einu ári eftir þann dag sem vörsluaðili tilkynnir um breytingu sem var, að því er varðar hexabrómsýklódódekan, 26. nóvember 2014.
- 5) Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 ætti að skrá hexabrómsýklódódekan í I. viðauka við þá reglugerð til þess að koma banni við framleiðslu, notkun, innflutningi og útflutningi efnisins til framkvæmda í Sambandinu.
- 6) Hexabrómsýklódódekan er sem stendur skráð í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006⁽⁴⁾ og af því leiðir að einungis má setja hexabrómsýklódódekan á markað eða nota það eftir 21. ágúst 2015 ef slík setning á markað eða notkun hefur verið leyfð í samræmi við VII. bálk reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 eða ef sótt hefur verið um slíkt leyfi fyrir 21. febrúar 2014 og ákvörðun um þá umsókn biður enn afgreiðslu.
- 7) Vegna ákvæða VII. bálks reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem hafa gilt um hexabrómsýklódódekan frá 21. ágúst 2015, sendi framkvæmdastjórnin vörsluaðila Stokkhólmsamningsins tilkynningu, í samræmi við b-lið 3. mgr. 22. gr. Stokkhólmsamningsins, 25. nóvember 2014 þar sem upplýst var að Sambandið gæti ekki samþykkt breytinguna á viðauka A við Stokkhólmsamninginn fyrir 21. ágúst 2015. Þar eð sú dagsetning er nú liðin ætti að skrá hexabrómsýklódódekan í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 2.3.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

(2) Ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmsamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtið. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1).

(3) Ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- 8) Öll leyfi sem veitt eru vegna notkunar á hexabrómsýklódódekani eða setningar þess á markað ættu að takmarkast við gildissvið sérstöku undanþágunnar, sem kveðið er á um í breytingunni á viðauka A við Stokkhólmssamninginn, þar sem notkun á hexabrómsýklódódekani er einungis leyfð í þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren í byggingar og framleiðsla efnisins einungis leyfð í þessu skyni. Þar eð engin umsókn um leyfi fyrir notkun hexabrómsýklódódekans við gerð útpressaðs pólýstýrens var móttækin í Sambandinu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti sú notkun ekki að vera leyfð lengur.
- 9) Enn fremur er í breytingunni á viðauka A við Stokkhólmssamninginn og þá einkum nýja VII. hlutanum, sem bætt er í viðaukann, gerð sú krafa að auðvelt sé að sanngreina þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren, sem innihalda hexabrómsýklódódekan og eru sett á markað, á vistferlinum með merkingum eða með öðrum hætti. Sú krafa ætti að koma til framkvæmda í Sambandinu.
- 10) Í því skyni að styrkja beitingu bannsins í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 í reynd og stöðuga framfylgd þess í Sambandinu ætti að fastsetja viðmiðunargildi fyrir hexabrómsýklódódekan sem kemur fyrir sem óviljandi snefilaðskotaefni í efnunum, efnablöndum og hlutum. Í því skyni að taka tillit til tækniþróunar ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þetta viðmiðunargildi innan þriggja ára frá gildistökudegi þessarar reglugerðar með það fyrir augum að lækka gildið.
- 11) Breyta ætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 í því skyni að tilgreina, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. Stokkhólmssamningsins, að sérstaka undanþágan fyrir hexabrómsýklódódekan fellur úr gildi 26. nóvember 2019, sem er fimm árum eftir gildistökudag Stokkhólmssamningsins að því er varðar hexabrómsýklódódekan, nema Sambandið tilkynni skrifstofunni um styttri gildistíma og það sé skráð í skrána yfir sérstakar undanþágur.
- 12) Í því skyni að gefa færi á umbreytingartímabili til að aðlagast reglunum í þessari reglugerð ætti bannið í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 ekki að gilda um hluti úr þöndu pólýstýreni og hluti úr útpressuðu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan og eru framleiddir fyrir eða á gildistökudegi þessarar reglugerðar, fyrr en þremur mánuðum eftir gildistökudag hennar.
- 13) Nauðsynlegt er að gera skýra grein fyrir því að hvorki bann við framleiðslu, setningu á markað og notkun, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004, né sanngreiningarkröfurnar, sem um getur í 9. forsendu, ættu að gilda um hluti sem innihalda hexabrómsýklódódekan og eru þegar í notkun á gildistökudegi þessarar reglugerðar.
- 14) Ef notkun hexabrómsýklódódekans í hluti úr þöndu pólýstýreni hefur verið leyfð í samræmi við VII. bálk reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ætti einnig að heimila innflutning og notkun hluta úr þöndu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan, meðan leyfið er í gildi.
- 15) Nefndin, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE⁽⁵⁾, skilaði ekki álitum um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð og framkvæmdastjórnin lagði því tillögu fyrir ráðið varðandi þessar ráðstafanir og sendi hana til Evrópuþingsins. Ráðið tók ekki ákvörðun innan tveggja mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB⁽⁶⁾ og framkvæmdastjórnin lagði því tillöguna fyrir Evrópuþingið án tafar. Þar eð Evrópuþingið andmælti ekki tillögunni innan fjögurra mánaða frá þeim degi sem hún var fyrst send þinginu ætti framkvæmdastjórnin nú að samþykkja tillöguna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

⁽⁶⁾ Ákvörðun ráðsins frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 bætist eftirfarandi færsla við:

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
„Hexabrómsýklódódekan“ „Hexabrómsýklódódekan“: hexabrómsýklódódekan, 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekan og helstu fjölvörður þess: alfa-hexabrómsýklódódekan, beta-hexabrómsýklódódekan og gamma-hexabrómsýklódódekan	25637-99-4, 3194-55-6, 134237-50-6, 134237-51-7, 134237-52-8	247-148-4, 221-695-9	<p>1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk hexabrómsýklódódekans sem nemur 100 mg/kg (0,01% miðað við þyngd) eða minna þegar hann kemur fyrir í efnunum, efnablöndum og hlutum eða sem efnisþættir logavarinna hluta þeirra, með fyrirvara um endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 22. mars 2019.</p> <p>2. Notkun hexabrómsýklódódekans, sem er notað eitt og sér eða í efnablöndur, við framleiðslu á hlutum úr þöndu pólýstýreni og framleiðsla hexabrómsýklódódekans og setning þess á markað til slíkra nota skal heimiluð að því tilskildu að slík notkun hafi verið leyfð í samræmi við VII. bálk reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (*) eða ef sótt hefur verið um leyfi fyrir henni, eigi síðar en 21. febrúar 2014, ef ákvörðun um umsóknina hefur enn ekki verið tekin.</p> <p>Setning hexabrómsýklódódekans, sem er notað eitt og sér eða í efnablöndur, á markað og notkun þess, í samræmi við þennan lið, skal einungis heimiluð til 26. nóvember 2019 eða, ef þá dagsetningu ber fyrr að, til þess dags þegar endurskoðunartímabil, sem er tilgreint í ákvörðun um leyfi, rennur út eða þess dags sem leyfið fellur úr gildi skv. VII. bálki reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.</p> <p>Setning hluta úr þöndu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt og eru framleiddir í samræmi við undanþáguna í þessum lið, á markað og notkun þeirra í byggingar skal heimiluð þar til sex mánuðum eftir að undanþágan fellur úr gildi. Slíka hluti, sem þegar eru í notkun þann dag, má nota áfram.</p> <p>3. Með fyrirvara um undanþáguna í 2. lið skal setning hluta úr þöndu pólýstýreni og hluta úr útpressuðu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt og eru framleiddir fyrir 22. mars 2016 eða þann dag, á markað og notkun þeirra í byggingar heimiluð til 22. júní 2016. Ákvæði 6. liðar skulu gilda ef hlutirnir voru framleiddir samkvæmt undanþágunni í 2. lið.</p> <p>4. Hluti sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt og eru þegar í notkun fyrir 22. mars 2016 eða þann dag má nota áfram og setja á markað og 6. liður gildir ekki. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti.</p>

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
			<p>5. Setning innfluttra hluta úr þöndu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt, á markað og notkun þeirra í byggingar skal heimiluð þar til undanþágan í 2. lið fellur úr gildi og 6. liður skal gilda ef hlutirnir voru framleiddir samkvæmt undanþágunni í 2. lið. Slíka hluti, sem þegar eru í notkun þann dag, má nota áfram.</p> <p>6. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Sambandsins um flokkun, merkingar og pökkun efna og blandna skal þanið pólýstýren, sem hexabrómsýklódódekan er notað í samkvæmt undanþágunni í 2. lið, vera sanngreinanlegt með merkingum eða með öðrum hætti á vistferli þess.“</p>

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).